



Reykjavíkurborg
Velferðarsvið

Lagt fyrir 394. fund velferðarráðs þann 24. febrúar 2021

VEL2020110008

RÁ/kg/hjb

Tillaga

Viðtakandi: Velferðarráð

Sendandi: Regína Ásvaldsdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs

Efni tillögu: *Breytingar á reglum velferðarsviðs Reykjavíkurborgar um íþrótt- og tómstundastyrki fyrir börn á tekjulágum heimilum*

Lagt er til að velferðarráð samþykki breytingar á reglum velferðarsviðs Reykjavíkurborgar um íþrótt- og tómstundastyrki fyrir börn á tekjumlágum heimilum á þá leið að umsóknarfrestur verði framlengdur til 15. apríl 2021. Kostnaður er að fullu fjármagnaður með framlagi ríkisins.

Greinargerð:

Í maí 2020 samþykktu stjórnvöld frumvarp til fjárukalaga sem m.a. fól í sér að verja 600 m.kr. í styrki til tekjulágra heimila þannig að öll börn gætu óháð efnahag stundað íþróttir og aðrar tómstundir. Samþykktin var hluti af umfangsmiklum aðgerðum og viðbrögðum stjórnvalda til að mæta efnahagslegum afleiðingum af völdum COVID-19 heimsfaraldursins. Í september 2020 gaf félagsmálaráðuneytið út leiðbeiningar til að samræma úthlutun sérstakra íþrótt- og tómstundastyrkja fyrir börn á tekjulágum heimilum en það var svo hlutverk sveitarfélaganna að setja sérstakar reglur um styrkina. Fram kom að styrkirnir eru veittir af sveitarfélögum á grundvelli VI. kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991.

Reglur velferðarsviðs um íþrótt- og tómstundastyrki fyrir börn á tekjulágum heimilum voru samþykktar á fundi borgarráðs þann 12. nóvember 2020. Samkvæmt framangreindum reglum var umsóknarfrestur til 28. febrúar 2021 og var það í samræmi við framangreindar leiðbeiningar félagsmálaráðuneytisins. Nú hefur stýrihópur um þátttöku barna af efnaminni heimilum í skipulögðu íþrótt- og tómstundastarfi ákveðið að framlengja umsóknarfrestinn til 15. apríl 2021.

Í dag hafa 1270 börn í Reykjavík í 899 fjölskyldum fengið styrk fyrir íþrótt- og tómstundastarfi. Aðgerðahópur með verkefnisstjóra hefur verið settur á fót til að auglýsa betur styrkinn og sjá til þess að auglýsingarnar nái til þeirra sem á þurfa að halda.

Fylgiskjöl:

1. Reglur um velferðarsviðs Reykjavíkurborgar um íþrótt- og tómstundastyrki fyrir börn á tekjulágum heimilum, samþykktar á fundi borgarráðs þann 12. nóvember 2020.